Trans Ísland, félag trans fólks á Íslandi
Kt. 4911070650
Suðurgata 3, 101 Reykjavík

Reykjavík, 19.10.2020

Tilefni: Þingskjal 14 - 14. Mál. Frumvarp um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

Trans Ísland fagnar því skrefi sem hér er tekið með breytingum á jafnréttislögum, enda mikilvægt að tryggja að kynsegin fólk hljóti verndar og sé getið í jafnréttislögum. Það er því mikilvæg bót að það talið sé sérstaklega fram að fólk með kynhlutlausa kynskráningu í lögunum, ásamt því að nafni laganna sé breytt til að endurspegla breytt lagaumhverfi með samþykkt laga um kynrænt sjálfræði 80/2019.

Trans Ísland vill hinsvegar koma á framfæri nokkrum athugasemdum við frumvarpsbreytingar:

1. Trans Ísland gerir athugasemdir við orðalag greinargerðar um þær „skiptu skoðanir“ sem hópurinn nefnir um þriðju kynskráninguna og tilgang hennar. Þar er því velt upp hvort að með lögum kynrænt sjálfræði séu kynin orðið fleiri en tvö eða ekki. Trans Ísland vill góðfúslega benda á það að það fer ekki á milli mála að kynin eru fleiri en tvö. Ef greinargerð sem fylgir lögum um kynrænt sjálfræði er skoðuð ætti það að vera öllum ljóst að tilgangur þeirra laga er að kynsegin fólk eða annað fólk sem eru ekki karlar eða konur fái lagalega viðurkenningu, og er þriðja kynskráningin skref til þess að þau geti skráð kyn sitt á annan hátt en eingöngu sem karl eða kona. Ef skiptar skoðanir eru á því hvort að kynin séu fleiri en tvö, þá snýst það einfaldlega um að fólk er ekki nægilega upplýst um fjölbreytileika kyns, kynvitundar og kyntjáningar. Það ætti að vera grundvallaratriði fyrir þau sem vinna í þessum málum að hafa kynnt sér slíkt til hlítar.

   Trans Ísland furðar sig því á því að hópurinn setji slíkt fram í greinargerð, enda ýjar orðalagið að því að hér sé verið að gera breytingar vegna skyldu, frekar en raunverulegs vilja, skilnings og þekkingar til að koma til móts við viðkvæman samfélagshóp sem hefur hingað til ekki hlotið lagalegrar viðurkenningar í íslenskum lögum. Svo virðist vera sem að inngilding kynsegin fólks/fólks með hlutlausa kynskráningu í frumvarpið sé tilraun til þess að laga frávik að viðmiði í stað þess að endurskoða grunninn sem frumvarpið byggir á og gera út um þessa stöðu. Í mörgum tilfellum virðist sem svo að orðalagi sé einfaldlega breytt í stað þess að um raunverulega samþættingu sé að ræða þar sem hugmyndin um og þekking á fjölbreytileika kyns sé beitt við endurskoðun laganna.

2. Í því samhengi er hægt að nefna 1. grein lagana, en þar er ritað: *„Markmið laga þessara er að koma í veg fyrir mismunun á grundvelli kyns og koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kynjanna á öllum sviðum samfélagsins.“* Til að endurspegla betur þann veruleika að kynin séu sannarlega fleiri en tvö væri hægt að undirstrika það hér með orðalagsbreytingunni: *Markmið laga*

*þessara er að koma í veg fyrir mismunun á grundvelli kyns og koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum **allra kynja** á öllum sviðum samfélagsins."*

Einnig er vert að benda á orðalag í sömu grein, en þar er ritað: „Með *kyni* í lögum þessum er átt við konur, karla og fólk með hlutlausa skráningu kyns í þjóðskrá nema annars sé sérstaklega getið." Hér er verið að tala á mis, en „fólk með hlutlausa skráningu kyns í Þjóðskrá" er ekki kyn, heldur skráningarform kyns. Hér væri mun réttara að segja að með kyni í lögum þessum er átt við „fólk sem hefur karlkyn, kvenkyn eða hlutlausa skráningu kyns í Þjóðskrá", ef slíkt orðalag er notað. Einnig ætti slíkt orðalag betur heima í orðaskýringum þar sem tilgangur þessa orðalags er einfaldlega að útskýra hvað orðið kyn á við.

3. Trans Ísland gerir einnig athugasemd við orðalagsbreytingar á 28. grein, en í greinargerð segir: *„Ákvæði 1.–3. mgr. ákvæðisins er efnislega samhljóða 15. gr. gildandi laga. Lagt er þó til að orðin ,,kvenna og karla" komi í staðinn fyrir orðið ,, kynjanna" í 1. Mgr."*

   Ekki er annað hægt að sjá en þetta sé afturhvarf, og sé þvert á áhrif og tilgang laga um kynrænt sjálfræði 80/2019. Hér er lögunum breytt í að fjalla aftur um karla og konur og kynsegin fólki (eða fólki með kynhlutlausa kynskráningu) skeytt við sem viðbót síðar í greininni. Það hlýtur að skjóta skökku við að hörfað sé aftur til að fjalla um karla og konur, í stað þess að haga orðalagsbreytingum á þann hátt að nefnt sé sérstaklega að tekið sé tillit til kynsegin fólks eða fólks með hlutlausa kynskráning. Kynsegin fólk er hópur sem hefur sjaldan fengið vægi í opinberri umræðu eða stefnumótun og telur félagið það vera íhaldssama og afturhaldssama hugsun að vilja ekki gera kröfu til þess að kynsegin fólk fái tryggt hlutfall og sæti að borðinu og jafnrétti kynjanna. Þrátt fyrir að kynsegin fólk sé ekki ýkja stór samfélagshópur þá er erfitt að sjá hverjar neikvæðu afleiðingar þess væru að kynsegin fólk fengi aðgengi sitt tryggt að jafnréttismálum og stefnumótun. Slíkt getur eingöngu verið jákvætt og leitt til jafnara samfélags fyrir öll kyn. Trans Ísland leggur því til að þessi orðalagsbreyting verði felld og fyrra orðalag verði þar viðhaft.

Lög um kynrænt sjálfræði 80/2019 táknuðu mjög mikilvægt skref í jafnréttisbaráttu trans fólks, sér í lagi trans fólks sem skilgreina sig ekki sem karla né konur. Íslensk stjórnvöld verða að geta fylgt þeim lögum eftir með víðsýni og framtíðarsýn, í stað þess að halda áfram í íhaldssamar hugmyndir um kyn. Löggjafinn á Ísland hefur sögulega séð alltaf verið nokkrum skrefum á eftir samfélagslegri sýn þegar kemur að réttindum hinsegin fólks, sem kom bersýnilega fram á málþingi Norræna hússins um lagalega stöðu hinsegin fólks á Íslandi 13. október síðastliðinn. Hér er tækifæri til þess að færa löggjöf um jafnrétti nokkrum skrefum framar og viðurkenna hóp fólks sem fer bara stækkandi í nútíma samfélagi.

Trans Ísland vill því hvetja til þess að orðalag verði hér endurskoðað til að endurspegla nýja tíma og nýtt

viðhorf íslenskrar stjórnsýslu til kynsegin fólks og fjölbreytileika kyns. Raunverulegu kynjajafnrétti mun aldrei verða náð ef íhaldssamar hugmyndir fá að ráða ferðinni, sem taka ekki tillit til raunverulegs fjölbreytileika kyns, kynvitundar og kyntjáningar.

Virðingarfyllst
F.h. Trans Íslands, félags trans fólks á Íslandi
Ugla Stefanía Kristjönudóttir Jónsdóttir
Formaður Trans Íslands